

Skólaráð Naustaskóla

9. fundur ársins 2014 þann 1. október 2014

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir
Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Vaka Óttarsdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Rut Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Íris Orradóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Starfsáætlun Naustaskóla 2014-2015 – umfjöllun og afgreiðsla.** Starfsáætlun hafði verið send út til yfirlestrar fyrir fundinn. Nokkrar athugasemdir bárust, bæði efnislegar og varðandi orðalag, uppsetningu o.fl. Stjórnendur munu fara í lokayfirlestur með tilliti til framkominna athugasemda en einnig senda plaggid út að nýju með athugasemdum. Stefnukaflinn verður síðan tekinn til umfjöllunar í nokkrum liðum á fundum vetrarins með endurskoðun í huga.
2. **Fundatími skólaráðs.** Samþykkt að fastir fundir skólaráðs í vetur verði fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 15:00.
3. **Framkvæmdamál.** Farið yfir útlit og horfur varðandi áframhaldandi framkvæmdir við skólann. Skólastjóri hefur verið í samskiptum við bæjarfulltrúa en í raun er ekkert nýtt að fréttu af þeim málum, áform virðast enn uppi um að hraða framkvæmdum en engin formleg staðfesting hefur borist eða fregnir af því hvort byrjað verði á starfsmannaálmú eða íþróttahúsi. Skólastjóri heldur áfram að þrýsta á um svör.
4. **Önnur mál**
 - a. **Skólahreysti.** Rætt um hvort stefnt skuli að þátttöku í Skólahreysti í ljósi þess að farið er að innheimta þátttökugjöld. Nemendaráð hefur lýst áhuga á að skólinn taki þátt. Samþykkt að taka þátt að því gefnu að aðrir skólar bæjarins verði með en áfram verði haldið að þrýsta á um lækun eða niðurfellingu þátttökugjalds.
 - b. **Snúðasala.** Fulltrúar foreldra gera athugasemdir við snúðasölu á vegum 10. bekkjar. Stinga upp á að frekar verði bakaðar skúffukökur og seldar sneiðar, seldar verði kringlur og kókómjól eða leitað verði annarra leiða en að selja litlu krökkunum heila snúða.
 - c. **Foreldrastarf / fjáraflanir.** Fulltrúar foreldra benda stjórnendum á að notað sé of vægt orðalag eða aðferðir þegar foreldrar eru boðaðir til þátttöku, t.d. í atburðum sem tengdir eru fjáröflunarstarfi. Kveða þurfi fastar að orði og gott geti einnig verið að skipta foreldrum einfaldlega niður á atburði og krefjast þess að þeir mæti.
 - d. **Samkenndsla árganga.** Fulltrúar foreldra greindu frá umræðum sem áttu sér stað á stjórnarfundi í Foreldrafélaginu þar sem rætt var um samkenndslu árganga í skólanum og kosti og galla varðandi það fyrirkomulag. Þeir foreldrar sem þar voru staddir virtust frekar sjá galla við fyrirkomulagið, t.d.

varðandi líðan nemenda, aðlögun o.fl. Skólastjóri benti á að þeir þættir hefðu í gegnum tíðina frekar talist til styrkleika hjá skólanum og því kannski ósanngjarnt að kenna aldursblönduninni um erfiðleika af því tagi sem gjarnan koma upp í öllum skólum. Því velt upp hvort væri þess virði að gera könnun til viðhorfa varðandi þetta mál. Munum ræða þetta áfram í starfsmannahópnum og taka aftur til umræðu í skólaráði.

Næsti fundur áformaður miðvikudaginn 5. nóvember kl. 15:00 en verður boðaður með dagskrá með viku fyrirvara.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð